

## ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

### Ársskýrsla 2019

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Árið 2015 var þó samþykkt ný reglugerð sem kveður á um að hælisleitendur séu undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til fræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru fræðsluaðilar þurfa að hafa samning við hæfan viðurkenndan fræðsluaðila sem annast kennsluna.

#### Starfsemi

Umsóknarfrestur til styrkja var 3. desember 2018. Alls bárust 23 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald á árinu 2019 en í þeim var alls sótt um styrki til að halda 712 námskeið fyrir samtals 8421 nemendur. Heildarþjárfæðingarnám á árinu alls 299,9 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 143 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu.

Niðurstaðan varð sú að 23 stofnanir fengu úthlutun til halda samtals 480 námskeið fyrir alls 5.389 nemendur á árinu 2019. 17 þessara stofnana náðu að uppfylla kröfur um tilskilinn nemenda- og/eða námskeiðafjölda á árinu og fengu því úthlutaðan hámarksstyrk en hinar sex þurftu að skera niður í sinni starfsemi og þurftu að þola hlutfallslega skerðingu sem því nam.

Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraeði, upplýsingagjöf til umsækjenda og greiðslur styrkja.

Nafn stofnunar	Fjöldi námsk.	Fjöldi nem.	úthlutun	Lokagreiðsla	Frávik %
Austurbrú	14	140	4.000.000	4.000.000	-
Arabísk-íslenska menningarsetrið	3	45	1.000.000	1.000.000	-
Ástjarnarsókn	6	90	800.000	320.000	-60
Betri árangur	12	156	4.000.000	4.000.000	-
Dagar hf.	3	45	1.000.000	880.000	-12
Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	6	60	2.100.000	2.100.000	-
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	14	140	4.000.000	4.000.000	-
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	28	280	8.000.000	8.000.000	-
Jafnréttishús	15	180	4.500.000	4.500.000	-
Málaskólinn Lingva	20	300	3.000.000	3.000.000	-
MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	35	350	10.000.000	10.000.000	-
Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði	5	50	1.000.000	1.000.000	-
Mímir-símenntun	115	1150	34.000.000	34.000.000	-
Múltikúlti-íslenska	30	300	9.000.000	9.000.000	-
Retor sf. Fræðsla	74	1000	26.000.000	26.000.000	-
Reykjavíkurborg	4	80	1.800.000	720.000	-60
Saga-Akademía	18	180	5.400.000	5.400.000	-
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	4	45	1.500.000	1.500.000	-
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	20	250	6.500.000	5.720.000	-12
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	14	140	4.000.000	3.175.000	21-
Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	11	118	3.400.000	2.935.000	-
Tungumálaskólinn ehf.	14	140	4.000.000	4.000.000	-
Pekkingarnet Þingeyinga	15	150	4.000.000	4.000.000	-

			143.000.000	139.925.000	
--	--	--	-------------	-------------	--

Reykjavík 17. janúar 2020  
Skúli Leifsson, Rannís